

Leikskólinn Lyngheimar

2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Efnisyfirlit.

1. Leiðarljós leikskólans.
2. Greinagerð leikskólastjóra.
3. Innra mat deilda.
4. Ytra mat .
5. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.
7. Foreldrasamvinna.
8. Skipulagsdagar og skóladagatal.
9. Fylgigögn.

9.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs.



Leiðarljós Lyngheima.

- Virðing: Að koma vel fram við aðra.
- Umhyggja: Að snerta, hughreysta og hugga.
- Tillitssemi: Að setja sig í spor annarra.



Greinagerð leikskólastjóra.

Árið 2019-2020 er búið að vera viðburðaríkt ár. Þetta skólaár hefur fært okkur á Lyngheimum margar nýjar áskoranir sem við höfum aldrei staðið frammi fyrir áður. Því má með sannni segja að skólaárið 2019-2020 hefur verið okkur mjög lærdómsríkt.

Fyrsta áskorun: Við fengum það verkefni á Lyngheimum að vera með sumaropnum. Verkefnið gekk vel enda lék veðrið við okkur, sól og gott veður megnið af sumrinu.

Önnur áskorun: Í Október lendum við í því að starfsmenn elstu deildar (skólahópur) fara í veikindaleyfi með tveggja vikna millibili, kennari (deildarstjórinn) og tveir starfsmenn sem þar unnu. Elsta deildin var því án kennara og starfsmanna sem ekki var vitað hvenær kæmu aftur til starfa (ekki komnir enn til starfa). Þetta er ein af þeim áskorunum sem þetta starf færir manni og var það leyst með sóma eins og öll þau verkefni sem koma upp.

Þriðja áskorun: Í byrjun febrúar fóru starfsmenn Eflingar í verkfall sem stóð yfir í ca 5 vikur. Þurfti því að endurskipuleggja starfið með mið af því. Börnum var skipt upp í hópa miðað við fjölda starfsmanna sem voru í húsi hverju sinni.

Fjórdða áskorun: Um viku eftir að verkfall Eflingar leystist og allir sælir að koma aftur til starfa kom COVID-19 með öllu því sem því fylgdi og þurftum við eins og aðrir leikskólar að fara að vinna eftir algerlega nýju verklagi. Eftir á að hyggja held ég að okkur hafi tekist vel upp og við náð að gera vinnu umhverfið eins gott og hægt er á tímum sem þessum.

Fimmta áskorun: Hvernig getum við unnið að markmiðinn okkar á annan hátt, þannig að allir fái notið sömu kennslu/verkefna þrátt fyrir verkfall eða Covid19. Með sameiginlegu átaki kennara og starfsmanna náðist að vinna þetta verkefni vel og vorum við stolt af því að geta sagt að vel hafi tekist til.

Ný markmið voru sett og verkefnin unnin á hverri deild.

Þegar upp koma aðstæður sem þessar kemur vel í ljós sá mannaður sem býr í starfsmannahóp leikskólans, samheldni og jákvæðnin í starfsmannahópnum hefur verið einstakur á oft erfiðum og flóknum tíma.

Allar þessar áskoranir hafa haft áhrif á þau faglegu markmið sem leikskólinn/deildarnar höfðu sett sér fyrir veturinn 2019-2020.

Haustið 2019 byrjaði mjög vel, leikskólinn var vel mannaður og starfið fór vel af stað. Aðlögun nýrra barna gekk vel. Byrjað var strax að vinna eftir þeim umbótum/markmiðum sem leikskólinn hafði sett sér út frá innar mati sem gert var vorið 2019 út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Skólaárið 2018-2019 var lögð áhersla á læsi og sköpun. Eftir innra mat vorið 2019 var ákveðið að auka áherslupætti fyrir haustið 2019. Sjálfsefning, félagsfærni og heilbrigði voru þeir þættir menntastefnunnar sem við ákváðum að auka áherslu á.

Skólinn, deildarnar og börnin settu sér sameiginleg markmið. Leikskólinn setti sér það markmið að tengja námsþættina saman í allri vinnu með börnunum. Taka átti vináttuverkefnið Blær inn um áramótin 2020.

Deildarnar settu sér sameiginlegt markmið þvert á húsið, ákveðið var að vinna eitt samfélagsverkefni sem myndi í leiðinni styrkja samstarf milli heimilis og skóla. Fyrir valinu varð verkefnið Jól í skókassa.

Með aðstoð kennara fengum við eldri börn skólans til að setja sér sín markmið, þeirra markmið var að styrkja eigin getu, öðlast meiri færni í að eiga góð samskipti við aðra og vinna almennt með heilbrigði, „hvað er heilbrigði“

Foreldrar ásamt kennara settu markmið fyrir yngri börnin. Vinnan með þau markmið sem sett höfðu verið gekk vel framan af vetri, vegna breyttrar aðstæðna á vorönn gekk sú vinna ekki eins vel og voru því önnur markmið sett með tilliti til aðstæðna.



Þegar innra mat var unnið í vor 2020 var ákveðið að unnið yrði eftir sömu áherslupáttum og ákveðið hafði verið á vorönn 2019 á haustönn 2020.

Vegna veikinda deildakennara skólahóps varð vinnan á haustönn ekki eins markviss og við hefðum viljað.

Í aðstöðu sem þessari er einstakt að hafa góða kennara í húsi. Listgreinakennarinn, sérkennslustjórinn og aðstoðarskólastjórinn tóku það verkefni að sér að stýra deildinni þar til nýr deildarstjóri var ráðinn í janúar 2020.

Í janúar fóru nemendur skólahóps á 6 vikna námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur sem vakti mikla ánægju hjá börnunum og tókst með eindæmum vel.

Fimleikafélagið Fjölur bauð okkur sína aðstöðu í Egilshöll. Fóru börnin í fimleika 1 sinni í viku á haustönn. Börnin höfðu mikla ánægju af að fara í fimleika og finnst okkur þetta frábært boð hjá fimleikafélagi Fjölnis.

Vorönnin byrjaði vel, 27. janúar 2020 var opið hús á Lyngheim í boði Faghóps leikskólakennara. Á viðburðinn mætti fjöldi kennara. Mikil gleði ríkti og við ótrúlega ánægðar með okkar starf.

Fyrirhugað var að börnin myndu hitta vininn Blæ í fyrsta skiptið í lok febrúar, en vegna verkfalls var ákveðið að fresta komu hans um óákveðin tíma, börnin hafa ekki hitt hann enn og því ákveðið að bíða með komu hans fram að næsta hausti.

Eftir að COVID19 kom og setti mark sitt á allt okkar starf og vinnufyrirkomulag skólans breyttist á einni nóttu var ákveðið að skipulögð markmið okkar yrðu sett til hliðar og önnur markmið sett í staðinn með tilliti til aðstæðna á þeim tíma.

Ákveðið var að leggja áherslu á leikinn, að fjölbreyttur efniviður yrði mikið í boði, unnið yrði með verðlaust efni ýmiskonar, málning, dúkkur, bílar, lestar ásamt hreyfingu.

Nú þegar sumarið er komið birtir yfir öllum, við á Lyngheimum fengum það verkefni að hafa sumaropnun annað árið í röð og erum í fyrsta skipti að taka á móti börnum þar sem foreldrar hafa fengið leyfi til að stytta sumarfrí barna sinna.

Þrátt fyrir fordæmalausar vorönn gátum við stolt útskrifað flottan hóp skólabarna sem öll eru tilbúin til að hefja sína grunnskólagöngu í haust.

Útskriftin var haldinn úti í blíðskapar veðri, foreldrum var boðið á útskriftina. Börnin sýndu brúðuleikrit og sungu fyrir foreldra. Börnin höfðu unnið handbrúður, samið leikrit, teiknað og málað leikmynd. Sett var upp sýning á verkefnum barnanna úti til að foreldrar gætu séð þau frábæru verkefni sem börnin höfðu unnu yfir veturinn. Leikskólinn færði börnunum lítið birkitré að gjöf. Börn og foreldrar voru beðin um að finna trénu góðan stað og gróðursetja tréð saman. Þessi gjöf var framlag leikskólans til að jafna kolefnissporin og efla samvinnu heimilis og skóla. Börnin voru síðan útskrifuð með orðunum



„Þessi litla planta færir okkur lengra líf á jörðinni“ Í lokin bauð leikskólinn uppá veitingar. Fallegur dagur í sól og blíðu.



Vorönn enduðum við síðan með íþróttaviku og sumarhátíð í sól og blíðskaparveðri. Foreldrafélagið bauð uppá hoppukastala og garðurinn var skreyttur með heimagerðu skrauti sem börnin höfðu búið til. Einnig endurnýttum við skraut sem hafði verið notað sem jólaskraut árið áður. Við gerum okkar eigið skraut til að skreyta jólatréð á hverju ári úr verðlausu efni. Fyrir næstu jól er áætlun um að við búum til okkar eigið jólatré sem börnin sjálf fá að taka þátt í.

Lýngheimahlaupið var á sínum stað eins og venjulega, þennan dag fengu börnin að koma í búningum. Bros og gleði skeina af hverju andliti, en toppurinn var að fá að koma í búningum og geta verið í þeim úti án þess að þurfa að vera í úlpu yfir. Gleðilegt sumar.





Innra mat deilda.

Knútskot 2019-2020. Árgangur 2017-2018.

Innra mat Knútskots veturinn 2019-2020, árgangar 2017 og 2018.

Þetta árið voru 16 börn á Knútskoti á aldrinum 1-2 ára. Í þáttökuaðlögun voru 13 börn og gekk aðlögunin mjög vel.

Fyrstu mánuðina var lögð áhersla á að börnin lærðu á umhverfið í skólanum og myndu kynnst starfsfólki deildar og að þau fengju þá hlýju og það öryggi sem þau þurfa til að þeim líði vel.

Í september var ákveðið að endurnýta það plast sem til féll á deildinni. Úr plastinu voru gerðir furðufiskar og blómapottur sem börnin síðan sáu í grasfræjum og fengu að fylgjast með þeim vaxa.

Í samverustunum fengu börnin að kynnst honum Lubba (Lubbi finnur málbein) Lubbi er hundur sem er hjálpartæki til að auka hjá börnunum bæði orðaforða og skilning. Bein tengsl eru á milli málþroska og læsis.

Unnið er markvist með sjálfshjálpi hjá börnunum, þau eru aðstoðuð við að hætta með bleyju og hvött til að æfa sig í að klæða sig sjálf bæði í fataklefa og inni á deild.

Skipulagðar hreyfistundir voru í sal skólans þar sem lögð var áhersla á almenna hreyfifærni út frá getu hvers og eins. Í vetur höfum við verið dugleg að fara út og hreyfa okkur, reynum við að fara út á hverjum degi, þá helst fyrir hádegi. Á þeim dögum sem ekki var hægt að fara út sökum veðurs voru settar upp prautabrautir og dansað til að börnin fengju þá hreyfingu sem þau þurftu.

Í desember tókum við þátt í verkefninu Jól í skókassa, það er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn, starfsfólk og foreldra til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

Til að gefa foreldrum tækifæri til að vera upplýstari um það starf sem fór fram á deildinni og taka meiri þátt í starfi deildarinnar var gefið út fréttabréf einu sinni í viku á föstudögum, ásamt því að halda skráningu fyrir hvert barn. Foreldrum gafst kostur á að skoðað skráninguna í lok annar.

Eins og við vitum er frjáls leikur mikilvægur þáttur í leik og starfi barna og var honum því gefið gott rými. Börnin fengu tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik. Í hlutverkaleik sækja þau fyrirmyndir sínar úr nánasta umhverfi og setja sig í hin ýmsu hlutverk. Þau eru mömmur, pabbar, afar, ömmur og hin ýmsu dýr.

Síðustu mánuðir hafa einkennst af verkfalli og covid 19 og í þessum óöruggu aðstæðum var mikil áhersla lögð á að veita þeim hlýju og öryggi í skólanum.

Í maí var unnið með liti, hver vika átti sinn lit. Markmið með litavikum var að börnin myndu læra grunnliti, síðasta vikan var regnbogavika. Í lok hverrar viku á hverjum föstudegi var síðan haldið litaball. Aðalverkefnið í myndlist var að börnin æfðu sig í að teikna höfuðfætl.

Guðlaug Gísladóttir deildarstjóri Knútskoti.



Guddumói 2019-2020. Árgangur 2016-2017.

Þetta árið voru 21 barn á Guddumóum. Um haustið byrjuðu 10 ný börn.

Á Guddumóum voru tveir árgangar 7 börn fædd 2016 og 14 börn fædd 2017.

Haustið fór í það að kynnst nýjum aðstæðum, að nýu börnin fengju tíma til að kynnst starfsfólkinu og þeim börnum sem fyrir voru á deildinni.

Sett var upp sjónrænt skipulag og deginum var skipt í tvennt, eftir hvíldarstund var nýtt plan sett upp fyrir restina af deginum.

Hvert barn fékk stól sem var merktur barninu, skúffur merktar með bæði mynd af barninu og nafni.

Farið var með eldri hópinn í gönguferðir um hverfið.

Deildin tók þátt í sameignlegu verkefni skólans Jól í skókassa. Vorönnin byrjaði vel, vorum við dugelg að skipta þeim í litla hópa þar sem mörgum þurfti að sinna. Hópnum var skipt upp, helmingur barnana fór út fyrir hádegi og hinn helmingurinn inni í bæði skipulögðum og frjálsum leik. Öll svæði hússins voru nýtt.

Í verkfallinu í febrúar var börnunum skipt upp í hópa, börnin komu stopult í leikskólann, skóladagurinn var stytur og ekki var boðið upp á að börnin fengju mat í leikskólanum.

Vegna aðstæðna þennan vetur þurfti deildin að skipuleggja sig út frá þeirri stöðu sem upp var komin. Var reynt að vinna eftir áætlun eins og hægt var, unnið var t.d skemmtilegt páskaþöndur dagana fyrir páskarfi, allir hópar sem mættu fengu að taka þátt í því. Ekki var lengur í boði að nýta allt húsið eða að blanda börnum milli deilda þannig að hver deild þurfti að endurskipuleggja sitt starf út frá þeim takmörkunum. Einnig var útsvæðið skipulagt þannig að hver deild átti sinn tíma í útiveru.

Í byrjun maí var skólahald komið í eðlilegt horf, var ákveðið að vinna með grunnlitina, hver vika átti sinn lit þar sem unnið var með einn grunnlit. Í lok hvernar viku var síðan haldið litaball þar sem var dansað og mikil gleði..

Börnin fengu einnig að hanna og útbúa sinn eigin bangsa.

Hanna Dís Guðjónsdóttir deildarstjóri Guddumóa.



Fjósaklettur 2019-2020. Árgangur 2015-2016.

Þetta árið voru 22 börn á Fjósaklettum. Um haustið byrjuðu 2 ný börn. Um haustið hætti eitt barn og voru því 21 barn í vetur.

Fyrstu vikurnar fóru í að nýu börnin kynntust þeim börnunum sem fyrir voru á deildinni og þau börn sem koma af annari deild fengu að kynnast nýu deildinni og því starfsfólki sem þar var.

Sjónrænast dagskipulag var sett upp. Skúffur, sæti og hólfi barnanna var merkt með nafni og mynd.

Farið var í gönguferðir þar sem nærumhverfið var skoðað, einnig var farið í að tína rusl úr plasti í nánasta umhverfi.

Deildinn tók þátt í verkefninu Jól í skókassa ásamt hinum deildum í húsinu. Í Janúar skiptum við deildinni í minni hópa, helmingurinn var úti fyrir hádegi og hinn helmingurinn var inni í skipulögðu starfi og frjálsum leik.

Húsinu er skipt upp í svæði, myndlist, svið, sal o.fl. Deildin á sín svæði á sínum dögum og nýttum við þá daga og þau svæði mjög vel.

Í verkfallinu í febrúar var börnunum skipt upp í hópa, þá var ekki boðið upp á morgun, hádegis né síðdegishressingu. Leiksólinn opnaði 8:00 og foreldar sóttu börnin kl: 12:00 og koma svo aftur með þau kl: 13:00 og voru til kl.16:00

Á tíma Covid19 var unnum við eftir annari áætlun en lagt var upp með um haustið. Farið var í að skipulegga starfið út frá breyttum aðstæðum.

Fyrir páksana fengu börnin að útbúa sér páksakrout úr ennudurunnum pappír, öll þau börn sem mættu fengu að útbúa sitt páksaskrout.

Þar sem deildar máttu ekki blandast sín á milli nýttum við þau svæði sem stóðu okkur til boða og voru nálægt því svæði sem deildin var.

Húsinu var einnig skipt upp í útiveru og nýttum við vel þann tíma sem deildinn fékk til útiveru.

Í maí þegar leikskóinn var opnaður aftur fyrir öll börnin komst starfið aftur í eðlileg horf.

Guðrún Þorkelsdóttir deildarstjóri Fjósakletta



Klapparvör 2019-2020. Árgangur 2014-2015.

Þetta árið voru 20 börn á Klapparvör frá áramótum 2020.

Tveir árgangar voru á deildinni, 11 börn fædd 2014 og 9 börn fædd 2015. Eitt barn fætt 2014 hætti á deildinni í maí 2020 og voru þau því 19 börn á Klapparvör frá maí.

Eins og áður hefur komið fram voru veikindi á elstu deild skólans í byrjun árs. Vegna breytinga og því að ekki var alltaf sama starfsfólkið á deildinni var visst rötleysi á stundum meðal barnanna og var því unnið markvist að auka öryggi, traust og vináttu meðal barnanna.

Í byrjun árs tók nýr deildastjóri við deildinni sem fór í að vinna traust barnanna og veita þeim öruggt umhverfi.

Sett var upp sjónrænt skipulag til að auka öryggi barnanna og efla þeirra sjálfstæði til að finna sér verkefni við hæfi.

Í janúar vorum við í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur og fórum við þangað einu sinni í viku.

Einnig vorum við í samstarfi við fimleikafélag Fjölni þar sem við fengum afnot af fimleikasalnum einu sinni í viku.

Lögð var áhersla á læsi. Allt stafrófið ásamt tölum var gert sýnilegt og mynd af hverju barni hjá þeim staf sem tilheyrði þeim. Skúffur barna voru merktar með bæði mynd og nafni. Skúffur voru merktar til að börnin gætu lært hvað var í hverri skúffu og því orðið sjálfstæð í að velja sér verkefni sjálf.

Samverustundir byggðust mikið á samskiptum við börnin, þar sem virðing, virk hlustun og viðurkenning er mikilvægur grunnur að góðum samskiptum.

Út vorið voru börnin hvött og aðstoðuð að sýna hvort öðru virðingu, hrósa hvort öðru og vera lausnamiðuð.

Í febrúar kom verkfall og börnum skipt upp í hópa, engin matur var í boði á meðan. Unnið var áfram með verkefnið okkar þrátt fyrir verkfall og covid 19 sem tók við af verkfallinu.

Í mars byrjuðu börnin að fara í hvíld eftir hádegismat, börnin fengu rólega stund þar sem hlustað var á hljóðbók til að þjálfa þau í virkri hlustun.

Skólahópur hóf að byrja á útskriftarverkefnum sínum í apríl þar sem börnin unnu að því að semja leikrit, hanna og búa til brúður ásamt leikmynd. Í maí sameinuðust börnin aftur og haldið var áfram að vinna með öryggi, traust, vináttu og samskipti ásamt því að leggja loka hönd á útskriftarverkefni skólahóps.

Ingibjörg Guðmundsdóttir deildarstjóri Klapparvör.



Ytra mat.

Starfsmannakönnun á vegum Skóla og frístundasviðs var gerð í febrúar 2020. Starfsmannakönnun var gerð í miðju verkfalli og mitt mat er það að mun færri starfsmenn tóku þátt í könnuninni vegna þess að starfsemi leikskólans var ekki með eðlilegum hætti. Meðalskorið 2019 var 4,71. Árið 2020 var

meðalskorið 4,57. Farið verður yfir nokkur atriði í starfsmannakönnuninni á skipulagsdegi í september. Þessir þættir verða settir í umbætur og ræddir í haust.

- Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu.
- Færð þú stuðning og hjálp með verkefni hjá vinnufélögunum þínum ef á þarf að halda.
- Hefur þú mikið að gera í vinnunni.
- Verður þú að vinna á miklum hraða.
- Sú fræðsla og þjálfun sem ég hef fengið nýtist vel í starfi.
- Á síðustu 12 mánuðum hafa nýir starfsmenn fengið nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma.
- Starffólk á mínum starfstað miðlar þekkingu sín á milli.
- Samvinna er góð á mínum vinnustað.
- Ég sé mig áfram á mínum starfstað / sviði eftir 2 ár.
- Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi.
- Ég tel mig búa við starfsöryggi.
- Framtíð starfs míns er trygg.
- Mér líður vel í vinnunni.
- Mótaka nýliða.

Ég mun ekki gera umbótaáætlun sem fylgiskjal með þessari starfsáætlun. Umbótaáætlun verður gerð út frá niðurstöðum hópavinnu starfsmanna eftir skipulagsdag í haust.

Innra mat gert á Lyngheimum vorið 2020.

Velferð og líðan barna/starfsmanna í leikskólanum.

Ákveðið var að skoða þennan þátt vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem voru í þjóðfélaginu. Hvernig breytingar á skipulagi deilda og starfsins hefur haft áhrif á börnin/starfsmenn í leikskólanum.

Spurningar til barnanna varðandi líðan í leikskólanum.

Hvernig er að koma í leikskólann og þurfa að kveðja mömmu og pabba í fataklefanum?

- Fyrst erfitt og skrítið.
- En svo bara fínt/gott.

Hvernig hefur verið að vera í svona litlum hópum á deildinni?

- Gott nóg pláss til að leika sér.
- Það vantaði oft vinina því þau mættu ekki í leikskólann.
- Hvernig er að hitta ekki vini sína í leikskólanum?
- Leiðinlegt en þá lékum við okkur bara við krakkana sem voru mætt.
- Sundum vildi ég ekki fara í skólann, en svo vildi ég ekki vera heima heldur "skrítið". Af því vinur minn kom ekkert lengi lengi í leikskólann.

Hvernig líður þér í leikskólanum?

- Svörin voru mjög samhljóma, börnunum líður vel í leikskólanum. Alltaf eitthvað skemmtilegt að gera mála, lesa, slást og bara leika úti við vini mína.
- Einn drengur hataði leikskólann, hann gat ekki beðið eftir að byrja í grunnskóla því þar þyrfti ekkert að fara eftir reglum og vera alltaf að læra eitthvað.



Velferð og líða starfsmanna síðustu mánuði.

Hvernig hefur þér liðið síðustu mánuði? Meðan á verkfalli stóð /meðan toppur COVID 19 stóð yfir?

Var verklagið skýrt varðandi vinnulag og sóttþreinsun?

- Starfsmönnum leið betur meðan verkfallið stóð yfir. Mikil samvinna og samstarf í húsinu.
- Í Covid 19 reyndist starfsmönnum erfiðara. Starfsmenn fundu fyrir meiri kvíða og hræðslu við að smitast. Oft erfitt að mæta í vinnuna vegna þessa.
- Að vera inná deil alla daga, með skipta útiveru og aðskilda kaffitíma. Geta ekki hist og spjallað við alla samstarfsmenn.
- Skýrt verklag og skipulag varðandi, hvernig tekið var á móti börnunum, hvernig sóttvarnarhólfín voru og vinnulag varðandi sóttþreinsun og handþvott hjálpaði starfsmönnum varðandi líðan og hræðsluna.
- Starfsmenn voru stoltir af því að vera framlínustarfsmenn á þessum tíma.



Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

- Starfsþróunarsamtöl verða í október 2020 og maí 2021. Starfsmannasamtölin í vor fóru fram utandyra. Ég bauð uppá gönguferðir og spjall. Þetta var í alla staði frábært og ætla ég að endurtaka gönguviðtöl að ári.
- Inn á innri vef Reykjavíkurborgar eru leiðbeiningar varðandi starfsþróunarsamtöl og mun ég styðjast við þær leiðbeiningar í samtölunum.

Símenntun / fræðsla 2020-2021.

Á skipulagsdegi í september 2020 verður Kvan hópurinn með fyrirlestur.

Á skipulagsdegi í október 2020 er stefnt að því á fá fyrirlestur um tengslaröskun, kvíða og hegðunarvanda barna. (Þessi fyrirlestur var á dagskrá í mars 2020 en í ljósi aðstæðna var honum frestað).

Á skipulagsdegi í febrúar 2021 er stefnan að allir starfsmenn Lyngheima fari á leikskólaráðstefnu sem haldin er í tilefni Dags leikskólans.

Á skipulagsdegi í apríl 2021 er stefnt að náms og kynnisferð erlendis. Ekki hefur verið ákveðið hvert verður haldið.

Aðrir skipulagsdagar verða notaðir til að skipuleggja starfið á Lyngheimum.

Samstarf leik og grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.

Áætlun vegna samstarfs leikskólans er unnin í samstarfi við Rimaskóla og gefin út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá senda áætlun með tölvupósti í byrjun haustannar með dagsetningum heimsóknna í Rimaskóla. Samstarfið er í föstum skorðum, mæta börnin í kennslustund, danstíma, íþróttir, á bókasafnið og heimsækja frístundaheimilið Tígribæ.

Heimsóknir gengu vel á haustönn 2019 en á vorönn fór allt úr skorðum verkfall starfsmanna eflingar og Covid 19. Ekki var farið í heimsóknir í Rimaskóla eftir miðja febrúar.

Markmið samstarfs leik og grunnskóla.

- Að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig.
- Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.



Samstarf Lyngheima og Rimaskóla.

Íþróttir. Mætt er tvisvar á vetri í íþróttatíma.	Bókasafnið í Rimaskóla heimsótt.	Dans. Elsti árgangur mætir í danstíma.	Föstudagsfjör. Elsta árgangur boðið á skemmtun í sal.	Heimsókn í 1. bekk. Stafainnlögn og nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Skoðunarferð um skólann. Skólastjóri Rimaskóla sýnir okkur skólann.
Fundir,	Samráðsfundir varðandi sameiginlega skipulagsdaga.	Að vori koma kennarar Rimaskóla og fara yfir barnahópin og niðurstöður hljóð.	Að hausti funda skólastjónendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skólaheimsóknir,		
Heimsóknir nemenda 1 og 7 bekkjar Rimaskóla.	Í nóvember heimsækir 1. bekkur Rimaskóla Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar.	Á degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur í heimsókn á Lyngheima og les/syngur fyrir börnin.	Að vori koma eldri nemendur Rimaskóla og kenna börnum Lyngheima útileiki.		

Foreldrasamvinna.

Foreldraráð.

Í foreldraráði eru fjórir fulltrúar, einn frá hverri deild leikskólans. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti. Aðalhlutverk ráðsins er yfirlestur og umsögn um starfsáætlun og námskrár leikskólans. Samráð er líka haft við foreldraráðið varðandi lokun leikskólans vegna sumarleyfa og ef færa þarf skipulagsdaga.

Leikskólastjóri boðar foreldraráð á fund þegar á þarf að halda. Fulltrúar ráðsins geta einnig boðið leikskólastjóra um fund ef einhver álíta mál koma upp.

Foreldrafundir.

Á næsta skólaári verða þrír foreldrafundir.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra, sem byrja með börnin sín í aðlögun 24. ágúst 2020 verður 11. júní 2020. Leikskólinn verður kynntur í máli og myndum, farið yfir hvernig aðlögun gengur fyrir sig og hvað þarf að hafa í huga þegar barnið byrjar á leikskólanum.

Foreldra barna af erlendum uppruna er boðið upp á einkafundi og fenginn er túlkur til að vera með á fundinum. Þetta gerum við til að allir foreldrar sem eru að byrja með barnið sitt á leikskólanum fái sömu upplýsingar varðandi leikskólann og aðlögun.

Fimmtudaginn 24. september verður haldinn stór foreldrafundur fyrir alla foreldra á leikskólanum. Vetrarstarfið verður kynnt í máli og myndum. Foreldrafélagið kynnir starf sitt og nýir fulltrúar geta boðið sig fram í stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrafélag.

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost á sér áfram til starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt á leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október á þeim fundi er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

Í samráði við leikskólastjóra er búið að aflýsa sumarhátíð og vorferð þetta vorið vegna samkomubanns. Vonandi getur foreldrafélagið staðið fyrir hausthátíð í staðin fyrir þá viðburði sem hefur verið frestað.

Foreldraviðtöl.

Foreldrum/forsjáraðilum er boðið upp á eitt fast foreldraviðtal á önn við deildarstjóra. Deildarstjóri auglýsir foreldraviðtölin og gefur foreldrum tíma í viðtal. Foreldrar geta eining fengið fleiri viðtöl og verið í símasambandi við deildarstjóra eða leikskólastjóra.

Á haust önn verða foreldraviðtöl 19-23. október 2020 og á vorönn verða foreldraviðtöl 22-26. mars 2021.

Þetta vorið var boðið uppá símaviðtöl við foreldra í stað hefðbundna foreldraviðtala vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Við höfum líka verið að skoða Zooum fundi við foreldra. Mögulega verður það ein leið til að vera í sambandi við foreldra.

Hvernig er samskiptum við erlenda foreldra háttað.

- Mótaka og aðlögun. Foreldrum barna að erlendum uppruna er boðið uppá kynningarfund á leikskólastarfinu og aðlögun hjá leikskólastjóra með túlk. Á þeim fundi er leikskólinn kynntur í máli og myndum. Farið er yfir hvernig þátttökuaðlögun gengur fyrir sig og hvað þarf að hafa í huga þegar barnið byrjar í leikskóla, til að gera upphaf leikskólagönguna góða fyrir barnið og foreldrana.
- Upplýsingagjöf. Erlendum foreldrum er bent á fjölmenningarvef Reykjavíkurborgar. Inn á heimasíðu Lyngheima er tengill með margskonar upplýsingum á mörgum tungumálum. Túlkapjónusta er notuð í foreldraviðtölum og þegar koma þarf mikilvægum, viðkvæmum upplýsingum til foreldra. Við höfum líka verið svo heppnar að hafa lærða kennara sem tala t.d pólsku og er óspart leitað til þeirra varðandi þýðingar á auglýsingum og fleira. Leitast er við að allir foreldrar leikskólans fái sömu upplýsingar varðandi málefni leikskólans, viðburði og stefnu skólans.



Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

Skipulagsdagar skólaárið 2020-2021.

- Föstudaginn 11. september 2020.
- Mánudaginn 5. október 2020.
- Miðvikudaginn 18. nóvember ½ dagur eh 2020.
- Föstudaginn 11. desember ½ dagur eh 2020
- Föstudaginn 5. febrúar 2021.
- Miðvikudagur 21. apríl 2021 skipulagsdagur sem frestað var frá maí 2020.
- Föstudaginn 23. apríl 2021.
- Mánudaginn 10. maí 2021.



Fylgiskjöl:

- Umsögn foreldraráðs.
- Viðburðadagatal leikskólanns.
- Umbótaáætlanir deilda.
- Umbótaáætlun út frá innra mati.

Umbótaáætlun 2020-2021 fyrir allt húsið.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umbótaþættir /markmið þvert á h'sið							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Unnið með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.	Að gerast réttinda leikskóli Unicef.	Vinna þau verkefni með börnunum sem þarf til að verða réttindaskóli UNICEF	Deildastjóri elstu deildar.	Haut 2020	Óvist	Rýnihópur, spurningar, skýrsla.	Að hafa lokið verkefninu, og skýrslu með börnunum. Að allir á leikskólanum þekki innihald barnasáttmálans. börn og starfsmenn
Vináttuverkefnið Blæ.	Að kynna Blæ fyrir börnunum og festa í sessi vinnu með verkefnin sem fylgja Blæ.	Hver deild útfærir vinnu með Blæ verkefni miðað við aldur og þörf á deildinni.	Leikskólastjóri/deildarstjórar.	Haut 2020	Innleiðingu lokið í sept 2020, vinna með verkefni líkur vonandi aldrei	Matspurningar lagðar fyrir starfsmenn og börn í jan 2021. Spurningar unnar af deildarstjórum .	Að innleiðingu sé lokið og vinna með verkefnin hafin á öllum deildum miðað við aldur barnanna.
Fjölmenning	Að efla samvinnu sóla og heimila bama að erlendum uppruna.	Að bömin komi með hlut að heiman tengt þeirra menningu á þjóðhátíðardegi sín lands. Foreldrar aðstoða bömin að finna hlut og segja sögu hans.	Deildarstjóri og aðrir starfmen á deildinni.	Haut 2020	Verkefni lokið eftir árið þegar búið er að halda uppá alla þjóðhátíðardaga barnanna á deildinni.	Mat gert með spurningum til foreldra/bama varðandi verkefni.	Að fá foreldra til samstarfs við leikskólann að kynna land og þjóð með sínu barni.

Umbótaáætlun 2020-2021 fyrir allt húsið.

Grænfánaverkefni.	Að halda áfram að flokka og vinna úr verðlausu efni.	Flokkum allt rusl , nýtum verðlaust efni til sköpunar.Platlaus september.	Leikskólastjóri,deildarstjórar. Matráður.	Haust 2020.	Unnið með þetta verkefni um ókomna framtíð.	Mat með spurningum til barna og starfsmanna. Sýnileiki verkefna, grænfánaveggur.	Að allir viti hvað er flokkun og hvað við flokkum. Og að verkefni séu unnin úr verðlausu efnt. Innkaup í lágmarki.
Áherslupáttur út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar. Sjálfsefning.	Að leggja sérstaka áherslu sjálfsefningu.	Að hvert barn/ deild setji sér markmið. Fer eftir aldri barnanna.	Deildarstjóri / starfsmenn deildarinnar.	Haust 2020.	Áramót 2020 / vor 2020.	Farið yfir með börnunum, deildinni yfir markiðið hafi náðst.	Markmiðið náð

Umbótaáætlun 2020-2021 fyrir allt húsið.

Fjósaklettur, veturinn 2019-2020

UMBÓTAPÁ TTUR/MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Að hverju er stefnt? *Virka sköpunarkraft *Vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld *Upplifa virðingu fyrir sínum verkum og annarra *Tjá sig um verk sín og rífi upp ferlið	Hvernig framkvæmum við það? Unnið markvisst allan veturinn	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir? Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Á deildinni er frjálst aðgangur að ýmskonar leikfni, búnaði, fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu. Auk þess höfum við átt góða samvinnu með Önnu myndlistakennara. Þannig hafa börnin fengið tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína. Kennarar og nemendur hafa safnað efnivið úr náttúrunni í „náttúrukassa“ sem er inni á deildinni og hefur efniviðurinn sem þar safnast verið nýttur til sköpunar. Börnin bjuggu til möppu undir verkefni vetrarins og fóru með heim í lok skólaárs.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Við merktum skúffur á deildinni þannig að myndir og nafn á leikfnum og búnaði var framan á hverri skúffu. Eftir veturinn voru börnin orðin örugg með að ganga í skúffurnar og sækja sér verkefni ef þau voru búin að ganga frá því sem þau voru að nota áður. Verkefni barnanna voru hengd upp inni á og fyrir framan deildina. Vegna Covid-19 máttu foreldrar lengi vel ekki koma inn að deild og voru verkefni því einnig hengd í glugga svo börnin gætu sýnt foreldrum sínum listaverkin utan frá. Við höfum verið með myndræna skráningu af ferilvinnunni.
Læsi	*Heyri og sjái ritmálið í umhverfinu *Hvetja til áhuga á bókstöfum og tölustöfum *Bókahillur á deild *Sjónrænt skipulag *skúffur, hólf og borð merkt með nafni og mynd	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Við merktum skúffur á deildinni þannig að myndir og nafn á leikfnum og búnaði var framan á hverri skúffu. Eftir veturinn voru börnin orðin örugg með að ganga í skúffurnar og sækja sér verkefni ef þau voru búin að ganga frá því sem þau voru að nota áður. Verkefni barnanna voru hengd upp inni á og fyrir framan deildina. Vegna Covid-19 máttu foreldrar lengi vel ekki koma inn að deild og voru verkefni því einnig hengd í glugga svo börnin gætu sýnt foreldrum sínum listaverkin utan frá.	Í samverustundum, sem eru þrjár yfir daginn, er sungið, lesið, farið með rím, þulur og sagðar sögur. Einnig eru rölegar stundir eftir hádegismat þar sem skipst er á að hlusta á sögu, nota sögupoka eða farið í rölega borðvinnu. Þegar verkefnamappan var gerð í lok skólaárs voru margir sem gátu merkt hana með stafnum sínum eða nafni. Einnig eru mörg börn farin að leita að stöfum sem vinir þeirra eiga í nafninu og æfa sig að skrifa þá.

Sjálfsefning	*Efla sjálfsvitund *Efla umhverfisvitund *Vinna með náttúruna	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Að efla sjálfstæði og að þau verði sjálfbjarga í starfi og leik. Að þau treysti sér að standa fyrir framan hópinn og tjá sig. Að vinna með barnið, fjölskylduna og umhverfið. Að kenna börnum að virða náttúruna, læra hvað hún gefur okkur og hvað fer illa með náttúru og dýralíf.	Við vorum með þjóna í hádeginu sem aðstoðuðu við að leggja á borð, sækja í eldhúsið ef eitthvað vantaði á matarborðið og að ganga frá eftir matinn. Við skiptum um þjón á hverjum degi því það vildu allir taka þátt. Þjónarnir lásu upp nöfn þeirra sem sátu við þeirra borð og þurfti að hlusta vel eftir sínu nafni. Eftir Covid-19 máttum við ekki lengur vera með þjóna og söknuðu börnin þess mikið, því allir hafa gaman af því að vera með hlutverk. Nú eru börnin farin að ganga aftur frá eftir sig á vagninn og hafa engu gleymt, því þau hjálpast öll að, bjóða hvort öðru aðstoð við að ganga frá matarafgöngum og mataráhöldum, þurrka af borðum og sópa undir stólum.
Lýðræði og sjálfbærni Grænfána verkefni	*Æfa sig í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum. *Upplifa fjölbreytni náttúrunnar og íslenskrar veðráttu. *Njóti umhverfisins og umgangist það af virðingu *Upplifi sjálfbærni sem sjálfsagðan þátt í skólastarfinu *Læri um matarsóun, flokkun og plokkun	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Að börnin upplifi að skoðanir þeirra séu virtar. Æfi sig í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum. Fá tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um leikfni og leiksvæði. Að þau geti skammtað sér sjálf með tilliti til matarsóunar. Þau fræðast um og taka þátt í flokkun og plokkun.	Í samverustundum er skipst á að tala fyrir framan hópinn og sýna öðrum virðingu með því að hlusta. Börnin þurfa að taka ákvarðanir sem snerta allan hópinn t.d. með því að ákveða hverju skal klæðast í útiveru og þurfa að geta fært rök fyrir ákvörðunum sínum. Þau þurfa að skammta sér sjálf með tilliti til matarsóunar. Við ræðum um mikilvægi matarsóunar og flokkunar. Börnin fá tækifæri til að nota plokkestöng þegar við förum yfir garðinn að morgni og þau þurfa að meta hvað er slæmt fyrir náttúruna og hvað ekki. Við höfum skipt hópnum í tvennt og helmingur hefur farið út á meðan hinn helmingurinn er inni að vinna þematengd verkefni um t.d. náttúruna, dýralíf ofl. Við gerum myndræna skráningu af ferilvinnunni.
Árstíðir	*Að þau læri um árstíðirnar. *Þekki heiti daga og mánaða *Þekki veðurfarið eftir árstíðum. *Læri heiti og hugtök veðurs og fatnaðar eftir veðri	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Að þau læri að þekkja árstíðirnar og heiti daga og mánaða í gegnum söng og afmælisdaga. Þekki helstu hugtök um veðurfar og hvernig skuli klæða sig eftir veðri, með hjálp veðurfræðings úr þeirra röðum.	Við höfum verið með veðurfræðing sem tekur veðrið og segir hinum börnunum hvernig veður er úti og hvernig sé best að klæða sig eftir veðri. Það er skipt um veðurfræðing á hverjum degi og vekur það ávallt spenning hver verði veðurfræðingur dagsins. Í samverustundum erum við að vinna með árstíðirnar þegar þær koma fyrir, hugtök og heiti veðurs og veðurfars og að æfa okkur að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir því sem þeir hafa fram að færa með því að hlusta. Syngjum árstíðartengd sönglög.

Umbótaáætlun fyrir Knútskot veturinn 2020-2021.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráning	Skráning fyrir hvert barn á Knútskoti.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Desember	Þegar bamið byrjar í leikskólanum taka mamma eða pabbi mynd af því. Hvert barn á sýna möppu með myndum af sér og því sem það hefur gert í leikskólanum. Myndir teknar af börnunum við ýmiss verkefni.	
Læsi	Lubbastundir, samverustundir, sjónrænt skipulag	Unnið markvisst allan veturinn.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst	Desember	Byrjum á að hlusta á lögin á disknum um Lubba og fáum að knúsa bangsann í samverustund. Hengjum upp stafinn A og myndir af hlutum sem byrja á A. Æfa okkur að sitja kyrr og taka þátt í samverustundum, byrja með styttri stundir og smá auka þær. Syngja hreyfilög og lög með hreyfingum í bland. Deginum skipt í tvennt og dagskipulagið sýnilegt uppi á vegg, skipt um eftir hvíld. Einnig að þau verði betur læs og örugg í sínu umhverfi og fái tækifæri til að kynna hvert öðru og starfsfólki deildarinnar.	
Lýðræði og sjálfbærni	Jól í skókassa	Unnið í samvinnu við heimili og skóla	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Septem ber	Nóvember	Bömin taka þátt í að útbúa skókassa annað hvort fyrir dreng eða stúlku eða bæði kynin og valið er hvaða aldur á að gefa. Ákveðnir hlutir eiga að vera í kassanum.	
Sjálfstæði og lýðræði	Matmálstímar Salemi	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst	Desember	Að þau verði sjálfstæðari einstaklingar. Verði snyrtileg við matarborðið, sitja kyrr við matarborðið og borða sjálf með áhöldum, smám saman að hætta með stút glas.	

Umbótaáætlun fyrir Knútskot veturinn 2020-2021.

						Æfa sig að hætta með bleiu og setjast á klósett.	
Sköpun	Myndlist Höfuðfætla/Þróun	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Desember	Börnin teikna sína fyrstu mynd í leikskólanum og þau gera handafarið og á það er merkt hvenær þau hófu leikskólagöngu á Lyngheimum. Í myndlist er fléttað inn litum og formum. Teikna höfuðfættu í byrjun annar og aðra í janúar.	
Félagsfærni	Blær Læra að vera vinur					Verkefnið Blær tekið inn og hvert barn fær sinn Blæ. Að læra að vera í hóp, hvernig er ég góð/ur vinur. Læra að deila dóti og hlutum með öðrum börnum.	

Innra mat Klappavör september 2020– apríl 2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefning/ valdefning Félagsfærni	Að stuðla að auknu sjálfstæði hjá börnunum. Æfa göngu og strætóferðir. Að Læra hvað er að vera vinur. Virða sjálfan sig og aðra. Læra mannleg samskipti. Byggja upp þrautalausn og seiglu hjá börnum. Líkamsvitund (ekki eru allir eins). Innleiða Barnasáttmálann í daglegt starf. Blær vináttu verkefni. Jól í skókassa.	Unnið í samveru og í leik með börnunum um hvernig við umgöngumst hvort annað með virðingu. Notum félagsfærni sögur og veggspjöld af ýmsum aðstæðum sem börn gætu lent í og börnin tjá sig um myndirnar og hvað er að gerast á myndinni. Vinna að þematengdum verkefnum sem byggja á samvinnu. Farið verður í ferðir á bókasöfn, og gönguferðir. Mikil hrós og hvatning til barna um að gera sjálf og vinna saman. Notað tækifæri til að efla og veita fræðslu til barnanna. Börnunum verður skipt í smærri hópa í samverustundum. Vinna með verkefni úr Barnasáttmálanum. Kynna börnunum fyrir Blæ vináttu verkefninu sem verður 1x í viku. Samfélagslegt verkefni og samvinnuverkefni með foreldrum.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn	Sept 2020	Apríl 2021	Örfundir eftir ferðir og rætt um hvernig gekk. Deildarfundir aðra hverja viku þar sem farið er yfir árangur verkefna og aðrar hugmyndir ræddar. Skráningar í þemaverkefnum. Myndskráning í ferilmöppur.	Að börn og starfsfólk sýni framför í auknu mæli. Að börnin verði sjálfstæðari, Að börnin vinni saman og verði. Að börnin tjá sig skilmerkilega. Að börnin geti gert daglegar athafnir eins og að klæða sig sjálf í og úr fötum. Að virðing, virk hlustun og viðurkenning verði viðurkenndur sem mikilvægur grunnur góðra samskipta og að börnin verði í stöðugri vinnu að þeim grunni. Að börnin geti farið í gönguferðir án aðstoðar og farið eftir fyrirætlum. Að leikskólinn verði mikilvægur vettvangur sem stuðlar að rétt barna til félagslegs öryggi. Að allar deildir vinni að grunnvallarforsendum Barnasáttmálans. Að Blær vináttu verkefnið stuðli að meiri sjálfstæði og betri færni félagslega. Að samstarf milli heimila og skóla styrkist.

Innra mat Klappavör september 2020– apríl 2021

Skráning	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og verkum sínum úr leikskólanum. Ferilskráning um verkefni sem unnið eru að.	Að kennari sé duglegur að taka myndir og skrá í ferillmöppu viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins.	Deildarstjóri, verkefnastjóri.	sept 2020	apríl 2021	Deildarfundir, örfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna.	Að hvert barn eigi full kláraða ferilmöppu í lok annar. Að ferilskráning sé fullkláruð um verkefni sem unnið var að.
Sköpun Útskriftarverkefni	Þematengd verkefni þar sem unnið verður með sköpun í formum, litablöndun, þrívídd, sjálfsmyndum og fjölbreyttan efnivið. Börnin vinna að útskriftarverkefnum sínum.	Unnið 1x í viku í myndlist, oftast ef þess krefst.	Deildarstjóri og verkefnastjóri	sept 2020	apríl 2021	Deildarstjóri og verkefnastjóri funda saman og skrá feril verka og taka myndir.	Að börnin geti nýtt litablöndun til að búa til nýja liti. Að börnin nýti fjölbreyttan efnivið í verkefnum sínum. Að börnin vinni í samvinnu að útskriftarverkefninu og geti tjáð sig skilmerkilega fyrir öðrum. Börnin munu flytja útskriftarverkefnið sitt fyrir áhorfendur í lok annar.
Læsi	Efla stafabekkingu og hljóð þeirra – styrkja tengsl þeirra saman, hlustun, orðaforða, rím, hljóðgreiningu, samsettorð. Að gera ritmál sýnilegt á deildinni.	Í samverustundum notum við félagsfærnisögur, bækur, sögur og söngva. Samræður í og úr leik, með spilum, Stafabíngó. Sjórænt og aðgengilegir stafir og tölur. Hlutir eru merktir með stöfum og mynd um deildina. Að Lestrarhorn verði aðgengilegra og notalegra. Skrifa, leira og fönðra stafi. Hljóðbækur í hvíld. Bitsboard í ípád. Skólaverkefni, læra skrifa stafi.	Deildarstjóri og aðrir staðsmenn deildarinnar	Sept 2020	Apríl 2021	Deildarfundir. Ljósmyndir fyrir og eftir, notaðar til að bera saman. Skimun í hljóðkerfisvitund.	Að grípa þær stundir sem upp koma til þess að efla orðaforða. Að samverustundir og hvíld nýtast vel. Að nota félagsfærnisögur ef upp koma ágreiningar. Að börnin aðstoði hvort annað í að læra stafina. Að börnin þekki sína stafi. Að nýta Bitsboard forritið fyrir málörvun. Að börn verði meðvituð um ritmál. Að börnin verði tekin í HLJÓMpróf. Að deildin sé með ritmál sýnilegt. Að börnin geti skrifað nafnið sitt. Að starfsfólk deildar gefi sér tíma til að ræða við börnin. Hlusti vel á hvað þau hafa til málanna að leggja og hvetja þau til að segja frá.

Innra mat Klappavör september 2020– apríl 2021

Heilbrigði	Umhirða eftir salernisferðir Yoga Gönguferðir Hreyfing	Að kennari leggi sig fram í að aðstoða og kenna mikilvægi handþvotts og umhirðu eftir salernisferðir. Gera sjónrænar leiðbeiningar þar sem hægt er. Samstarf við Fjölnir að fá fimleikasalinn 1x í viku. Setja yoga stund í dagskipulagið sem verður 1x í viku. Fara í reglulegar gönguferðir	Deildarstjóri og aðrir stafsmenn deildarinnar	Sept 2020	Apríl 2021	Deildarfundir, örfundir. Myndir fyrir og eftir. Skráning á verkefnum. Ferilskráning fyrir yoga, gönguferðir og fimleika.	Að farið verði í hreyfingu í fimleikasalinn í Egilshöllinni. Að börnin temji sér góða almenna umhirðu almennt. Að börnin verði með góð tök á umhirðu eftir salernisferðir. Að börnin taki þátt í yoga og hvílist. Að börnin séu meðvituð um mikilvægi hreyfingar
Grænfáni	Að börnin læri að flokka. Að börnin læri um matarsóun. Að börnin beri virðingu fyrir náttúrunni.	Að börnin flokki allt sorp í viðeigandi tunnur inná deild. Eftir ávaxtastund, matartíma og eftir þörfum. Að börnin fari eftir garðreglum leikskólans. Flokkunartunnur verða merktar með ritmáli og mynd.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	sept 2020	apríl 2021	Deildarfundir, skráning í verkefnum.	Að börnin flokki sjálf ein og óstudd. Að börnin geri sér grein fyrir matarsóun. Að börnin beri virðingu fyrir náttúrunni og fari eftir garðreglum.

Umbótaáætlun Knútskot / Guddumóa fyrir veturinn 2020-2021.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling/ valdefling	Að börnin verði öruggari með sig og læri að koma fram fyrir aðra.	Unnið í samveru með því að koma og velja lag, tónlist að koma og nota hljóðfæri með söng og í yoga þar sem börnin læra að umgangast hvort annað með virðingu	Allir starfsmenn	Janúar 2020	Maí 2020	Deildar -fundir og með skráningu	Unnið var með verkefnið í janúar og síðan tók verkfall og covid 19 völdin. börnin náðu færni í betri samskiptum sín á milli
Skráning	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og því sem það hefur gert í leikskólanum	Að kennari sé duglegur að taka myndir og skrá í ferillmöppu viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna	Að hvert barn eigi full kláraða ferilli mappa í lok annar. Gekk vel öll börnin eiga tilbúna ferillmöppu eftir önnina.
Sköpun Að læra litina með ýmsum aðferðum	Að börnin læri grunnlitina og öðrum litum bætt við eftir því sem líður á veturinn. Höfuðfætlan var aðalverkefnið í myndlist og tengd grunnlitunum	Að kennarinn sé meðvitaður að leggja inn litina í samverustundum, í gegnum leikinn, í myndlistarkrök og Frjálsa leiknum og í lita vikum	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Janúar 2020	Maí 2020	Deildarfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna	Lífið var unnið í febrúar, mars og apríl vegna verkfalls og covid 19. í maí voru lita vikur og gekk það vel og börnin öðluðust þekkingu á grun litum þremur
Læsi	Efla hlustun, orðaforða og sögn	Í samverustundum notast við Lubba, sögur og söngva.	Allir starfsmenn	Janúar 2020	Maí 2020	Deildarfundir	Spilum lögin á disknum sem fylgdi með bókinni, allir fá að knúsa Lubba. Ánægja og virk þátttaka barna í samverustundum, vinsældir Lubba á meðal barna
Heilbrigði Að börnin læri handþvott og setjast á klósett	Þvo hendur og hætta með bleyju. Starfsmenn kenni börnum að þvo og þurrka hendur eins að setjast á klósett og æfa sig að hætta með bleyju	Að kennari leggi sig fram í að setja börn á wc og kenni mikilvægi handþvotts. í dagskipulagi þegar börnin nota wc	Allir starfsmenn deildarinnar	Janúar 2020	ótímabundið	Deildarfundir	Mörg börn hættu með bleiu of einnig var aukning á handþvotti vegna covid og hafa börnin aukið handþvott og náð góðum tökum á þeim þætti.

Grænfáni	Að þau læri að flokka	Eftir ávaxtastund og eftir þörfum	Allir starfsmenn	Janúar 2020	Mái 2020	Deildafundir	Metið í maí 2020. Haldið áfram framá næsta ár. Þau skiptast á að fara með okkur að tæma grænufötuna og blaðapokann út í flokkunar gám. Vegna verkfalls og Covid 19 var ekki hægt að vinna eins markvist og starfsfólk sá um um þessar stundir.
----------	-----------------------	-----------------------------------	------------------	-------------	----------	--------------	--

Guddumói, veturinn 2019-2020.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt. *Læra litina *Litavikur í maí *Höfuðfætla/Þróun *Bangsinn minn	Hvernig framkvæmum við það? Unnið markvisst allan veturinn	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	janúar	Maí/júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Litirnir eru unnir markvisst allan veturinn, í myndlist og í verkefnum inni á deild, þar sem ýmiss efniviður er notaður. Litavikur verða í maí, þar sem grunnlitirnir verða teknir fyrir og endað með Regnbogaviku, þá er unnið með litablöndun, hvað gerist ef ég blanda rauðum og gulum. Skoðuð þróunin hjá börnunum, teikna „sig sjálf“ að hausti í janúar og aftur að vori, þróunin skoðuð. Börnin geri sinn eigin bangsa, teikna fyrst mynd af sínum bangsa. Tekið í gegn á kalkappir og því næst klippt út á efni. Þau mála bangsann sinn.	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Haft orð á litum í gengum leik og störf. Þegar þau eru að mála er talað um að nota gulan o.s.frv. Gekk vel í litaviku í maí, hver litavika endaði á balli og börnin mættu í fötum í þeim lit sem unnið hafið verið með. Á mánudögum var búin til leir í þeim lit sem við átti. Málaðar voru myndir í mismunandi útfærslum í viðeigandi litum. Ýmiss efniviður notaður t.d. gulir kubbar, rauðar veifur o.m.fl. Allir gerðu sína höfuðfætlu í janúar og aftur í maí. Gaman að sjá þróunina. Allir glaðir að útbúa sinn eigin bangsa, mála og aðstoða við frágang.
Læsi	Lubbastundir Samverustundir Sjónrænt skipulag	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	janúar	Maí/júní	Að þau verði betur læs á umhverfið og hvert annað. Þau læra að þekkja nafnið sitt smá saman, mynd af þeim er höfð við nafnið. Fyrst fara þau að læra stafinn sinn.	Lubbastundir voru stopult í vetur, gert var plakat með stafnum A og myndir af nokkrum hlutum sem byrja á A. Þeim fannst gaman að skoða myndirnar og segja orðin yfir myndirnar. Samverustundir voru þrjár yfir daginn á morgnana var sungið, hreyfilög og leikir. Í hádeginu var sungið lesin saga eða

	Stólar og hólf merkt með nafni og mynd af barni						leikir. Eftir kaffi var þeim skipt upp fyrst til að byrja með voru þrír hópar, en fljótlega var hægt að skipta þeim í tvo hópa og þá var lesin saga. Dagskipulagið var sýnilegt inni á deild og var deginum skipt í tvennt og nýtt sett e.h.
Sjálfstæði	Gera börnin sjálfstæðari. Hætta með bleiu. Borðsiðir Sjálfs hjálpi Verði örugg í sínu nærumhverfi.	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Janúar	Mai/jún í	*Matartíminn, sleppa smekk og byrja að skammta sér sjálf. *Fataklefinn, verði sjálfstæðari við að klæða sig í og úr. *Salerni; hætta með bleiu. * Nota nærumhverfið, byrja með litla hópa og fara í gönguferðir og smá auka þær eftir því sem líður á veturinn.	Gekk vel. Þau voru mjög dugleg í fataklefanum, þó voru þau duglegri að klæða sig úr heldur en í. Margir búnir að hætta með bleiu í vetur og sjálfs hjálpi alltaf að aukast. Hætt með smekk í hádeginu og orðin duglegri að klæða sig í útiföt. Í morgun.- og drekkutíma hafa þau gengið frá eftir sig, en þó ekki fyrr en eftir Covid-19. Fórum í nokkra göngutúra, skiptum þeim alltaf í litla hópa.
Grænfána verkefni	Að þau læri að flokka	Eftir þörfum	Allir starfsmenn deildarinnar	Janúar	Mai/jún í	Börnin fari með „grænu“ fótuna í lífrænu tunnuna við leikskólann og einnig pappír í viðeigandi tunnuna.	Þetta verkefni var lítið unnið sökum covid-19. Það voru þó nokkur skipti sem börnin fóru með pappír í tunnuna og þá var útiveran notuð til þess.
Skráning	Að hvert barn eigi sína möppu með myndum af sér yfir veturinn og verkefnum sem það hefur unnið.	Unnið markvisst allan veturinn	Allir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Mynd er tekin af barninu þegar það byrjar í leikskólanum og við ýmsar athafnir eins og þegar það er að gera sína fyrstu mynd á leikskólanum.	Gekk vel, þó mismikið til að myndum af börnunum. Gott að hafa í huga fyrir næsta vetur að útbúa skjal þar sem hægt er að merkja við þegar myndir eru teknar af börnum í ákveðnum verkefnum.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima 2020-2021

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Skólaárið hefur verið viðburðarríkt. Líkt og samfélagið allt, stóðu Lyngheimar frammi fyrir fjölmörgum áskorunum, þá sérstaklega á síðari hluta skólaársins. Í bæði verkfalli félagsmanna Eflingar og á meðan takmörkun á skólastarfi stóð vegna Covid-19 unnu starfsmenn leikskólans af fagmennsku og með hag barnanna að leiðarljósi. Að mati okkar var vel unnið úr báðum þessum áskorunum en aðalmarkmiðið var velliðan barnanna og að veita þeim öryggi í annars miklu óvissuástandi sem ríkti og ríkir enn í samfélaginu. Alltaf var tekið á móti börnunum með bros á vör og þeim sinnt af alúð og umhyggju. Vel hefur verið passað upp á hreinlæti og sóttvarnir frá því faraldurinn skall á og allar öryggisráðstafanir framkvæmdar á skynsamlegan máta.

Óhjákvæmilega náðist ekki að vinna að og framkvæma þau markmið sem sett voru í upphafi skólaárs en í stað þess færðist áherslan yfir á að leyfa frjálsa leiknum að njóta sín og það var svo sannarlega gert. Starf skólahópsins varð ekki eins og upphaflega var stefnt að, á haustönn vegna veikinda starfsmanna og á vorönn vegna verkfalls Eflingar hjá Reykjavíkurborg og Covid-19. Reynt var eftir bestu getu að undirbúa börnin fyrir komandi grunnskólagöngu og virðist það, þrátt fyrir allt, hafa tekist mjög vel miðað við aðstæður í samfélaginu.

Leiðarljós Lyngheima, virðing, umhyggja og tillitssemi, eru vel sýnileg í starfi á öllum deildum. Það verður spennandi að fylgjast með leikskólanum innleiða vináttuverkefnið Blær á haustmánuðum enda fellur það verkefni vel að leikskólanum og anda hans.

Foreldraráðið er ánægt með starf leikskólans og starfsfólk sem stendur sig vel við að sinna námi og leik barnanna ásamt því að gera námsumhverfið gott.

Hólmfríður Ásta Pálsdóttir
Jóhanna Lilja Hólm
Vala Björk Gunnarsdóttir